



GLAÐUR

Knapamerki:

Tómstundastarf Reykhólahrepps, í samstarfi við hestamannafélagið Glað, er að fara að fylgja eftir áhuga barnanna eftir reiðnámskeið sumarsins og mun standa fyrir kennslu í knapamerkjum í vetur.

Fyrirkomulag kennslunar mun verða þannig að bókleg kennsla fer fram í félagsmiðstöðinni alla þriðjudaga en verkleg kennsla fer fram í Lindarholti í Dölum einu sinni í mánuði. Kennslan stendur öllum börnum 6-17 ára til boða en hefst þannig að allir taka knapamerki 1 en þau eru 5 talsins.

Markmið knapamerkjanna:

- Að stuðla að auknum áhuga á reiðmennsku á íslenskum hestum og hestaíþróttum.
- Að auðvelda aðgengi að skipulagðri og markvissri menntun í reiðmennsku og hestaíþróttum fyrir unga sem aldna.
- Að bæta þekkingu á meðferð, notkun og umhirðu íslenska hestsins á breiðum grunni.



Kennslan er þátttakendum að kostnaðarlausu en þó þurfa þátttakendur að kaupa sér 1. knapamerkjabókina Hana má panta á www.knapamerki.is. Hestamannafélagið Glaður mun kaupa knapamerkjabókina fyrir félagsmenn. Hægt er að skrá sig í hestamannafélagið Glað hjá Styrmi á netfanginu gufudalur@gmail.com. Reiðkennari er Sjöfn Sæmundsdóttir. Skráning í knapamerkin hjá Jóhönnu: johanna@reykholar.is

